

Múlaþing
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 11. ágúst 2023
Málsnúmer: 202307-0004
SS/IAS

Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi vegna efnisnámi í landi Ketilsstaða.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Múlaþings í gegnum Skipulagsgátt, dags. 3. Júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu og tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna efnisnámu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða á Völlum í Múlaþingi.

Aðalskipulagsbreytingin varðar nýtt efnistökusvæði á Kiðueyri í Grímsá sem áætlað er að verði um 22.000 m² að stærð og feli í sér 24.000 m³ efnistöku á næstu 3 árum. Efnistökusvæðið er staðsett á áreyrum Grímsár og því þarf einkum að hafa í huga áhrif á ána, lífríki hennar og ásýnd.

Hafrannsóknarstofnun hefur þegar veitt umsögn um möguleg áhrif efnistökkunnar á lífríki árinna eins og kemur fram í greinargerð með skipulagslýsingunni. Hafrannsóknarstofnun telur að efnistakan geti haft neikvæð áhrif á lífríki árinna þar með talið seiðauppeldi og að alla jafna sé efnistaka úr áreyrum ekki heppileg í samanburði við önnur efnistökusvæði. Mikilvægt er að ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar sé innleidd í skilmála skipulagsins sem og starfs- og framkvæmdaleyfi efnistökkunnar. Tryggja þarf að svo sé gert þannig að dregið sé úr þessum neikvæðu áhrifum á fullnægjandi hátt. Eitt sem stefnt er að er að haga vinnslu þannig að efnistaka fari fram á einu svæði í einu þannig að líkur á að árfarvegur breytist verði litlar og að lokið verði vinnslu og frágangi á hverju svæði fyrir sig áður en ráðist er í næsta hluta efnistökkunnar. Mikilvægt er að mótvægisáðgerðir gegn grugg- og efnamengun svo sem settjarnir séu til staðar og fullnægjandi.

Fuglalíf er töluvert á óshólmasvæði Grímsár sem er töluvert gróið m.a. víðikjarri og votlendi. Æskilegt væri að kortleggja betur fuglavarp á svæðinu og athuga sérstaklega tilvonandi efnistökusvæði og næsta nágrenni. Ef ekki tekst að koma í veg fyrir áhrif efnistökkunnar s.s. gruggmengun og rykmengun frá haugsetningum, er hætta á að það geti haft neikvæðar afleiðingar fyrir lífríki óshólmasvæðisins. Vanda þarf því mjög til verka við framkvæmd og notkun efnistökusvæðisins

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

